



Minnisblað

Reykjanesbæ 23.04 2021

Verkefnið samþætting íþrótt- og tómstundastarfs við skólastarf.

- 🛡 Akstur barna frá frístundaheimilum (1. – 4. bekkur) sjö grunnskóla í Reykjanesbæ í íþrótt- og tómstundastarf sem stefnt er að hefjist 9.ágúst nk. fyrstu tvær vikurnar verða eingöngu nemendur í fyrsta bekk. Svo bætast við nemendur í 2. – 4. bekk. Mjög líklegt er fleiri árgangar muni bætast við strax í janúar 2022. Þá þyrfti að vera tilbúið bókunarkerfi sem að foreldrar geti pantað akstur og greitt fyrir hann í gegnum vefsíðu.
- 🛡 Alls eru u.þ.b. 330 börn í frístundaheimilunum eins og er – unnið er að því að kortleggja hversu mörg börn eru í íþróttum eins og staðan er núna og þurfi á akstrinum að halda. Vitaskuld standa vonir til þess að aukning verði í þátttöku í frístundaheimilunum með því að bjóða upp á frístundaksturinn.
- 🛡 Gert er ráð fyrir að aksturinn hefjist kl. 13.10 – og standi yfir til 16.30.
- 🛡 Gert er ráð fyrir að í einhverjum tilvikum muni foreldrar sækja börnin í íþrótt- og tómstundastarfið, þar sem að það á við.
- 🛡 Starfsmaður frístundaheimila mun fara með í hverjum vagni og fylgja börnunum inn á sinn áfangastað þar sem að þjálfari eða tómstundaleiðtogi tekur á móti þeim.
- 🛡 Gert er ráð fyrir að starfsmaður frístundaheimila gangi með börnunum í íþrótt- og eða tómstundastarf sé það innan 1000 metra fjarlægð frá viðkomandi frístundaheimili.



Þó er heimild til staðar til að hafa samband (óljóst hvert) til að panta akstur sé veður mjög slæmt.

- Ekki er gert ráð fyrir gjaldtöku þeirra barna sem að taka þátt í starfi frístundaheimilanna enda er eitt af markmiðum verkefnisins að auka þátttöku í þeim sem og í íþrótt- og tómstundastarfi sveitarfélagsins.

Sambætting skólastarfs við íþrótt- og tómstundastarf !

Frístundaakstur hefst þann 9. ágúst fyrir börn sem taka þátt í starfi frístundaheimila í Reykjanesbæ. Verkefnið verður auglýst er nær dregur. Íþrótt- og tómstundahreyfingin er vinsamlega beðin um að reyna að bjóða upp á starfsemi fyrir nemendur í 1. - 4. bekk þannig að þau ljúki sinni þátttöku á vinnutíma foreldra.



Allir með!



BÖRNIN MIKILVÆGUST

Styðjum börn svo þau blómstri í fjölskyldunni, skólum, íþróttum og tómstundum til að auka kraft samfélagsins.

Hafþór Birgisson
íþrótt- og tómstundafulltrúi



REYKJANESBÆR
Íþrótt- og
tómstundafulltrúi